



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1059. tbl - 23. árg.

16. mars 2023



Kuldinn setur mark sitt á umhverfið



Mikið frost hefur verið á landinu undanfarið og eru veðurfræðingar á því að a.m.k. í Reykjavík stefni í kaldasta marsmánuð frá því 1951. Útlit er fyrir að kuldinn haldist svipaður næstu daga.

Mikill klaki er í bæjarfossinum í Ólafsvík og kuldalegt um að litast. Ís hefur lagt yfir stóran hluta hafnarinnar í Ólafsvík eins

og sjá má á þessari mynd sem ljósmyndari blaðsins tók fyrr í vikunni. Þó að það hafi verið mjög kalt þá var umhverfið fallegt og klakamyndanir víða, voru ferðamenn sem áttu leið hjá dolfallnir yfir þessu sjónarspili enda ekki oft sem þeir sjá slíkt í sínu heimalandi.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Fyrsti heimaleikur ársins

Það var frekar kuldalegt á vellinum síðasta föstudag. Fyrsti heimaleikur ársins, í Lengjubikarnum. 10. mars, og 8° frost, en hægurvindur. Völlurinn flottur og á Matti, umsjónarmaður íþrótta mannvirkjanna heiðurinn af því, en hann hreinsaði snjóinn af og burstaði völlinn, svo að hann var nánast eins og á góðum vordegi. Það skiptir miklu máli fyrir liðið að þurfa ekki að keyra suður í alla leiki, verandi með þessa frábæru aðstöðu. En aftur að leiknum. Heimamenn mættu ákveðnir til leiks og skoraði Mikael gott mark eftir tæplega hálf tíma leik. Ísak Máni smellti svo boltanum



inn þegar tæplega fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik og

staðan góð í hálfleik, 2-0. Fjórði hélt áfram í seinni hálfleik og Luis Romero skoraði eftir rúmlega 10 mínútur og staðan því 3-0 þegar strákarnir fengu á sig víti á 64. mínútu. Gunnar markmaður varði spyrnuna, en dómariinn ákvað að hann hefði hreyft sig af línunni og lét endurtaka spyrnuna og þá skoraði Fylkir fyrir gestina. Okkar strákar létu þetta ekki slá sig út af laginu og bættu við marki á 76. mínútu og þar var Luis aftur að verki. Lokatölur

leiksins því 4-1 og góður heimasigur í höfn. Þó að kuldi og stundum smá ofankoma væri að hrella strákanna bitnaði það jafnt á báðum liðum, en heimamenn voru að mati undirritaðs miklu betri aðilinn í leiknum. Samspil gott og boltinn látinn flæða á milli manna og kanta á milli ásamt því að strákarnir voru ógnandi og pressuðu vel á andstæðinginn. Leikurinn lofar góðu fyrir sumarið.

ÓHS



**Við bjóðum upp á
alhiða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Getraunir 1x2

Það er kunnuglegur texti, sem hér fer á eftir. Lítið gengur hjá getrauna spekingunum að hitta á öll 13 úrslit dagsins rétt og hremma til sín feitann vinning. Þeir mega þó eiga það að uppgjöf er ekki í myndinni. Þeim, sem best gekk á laugardaginn var, voru með 11 rétt úrslit, svo að ekki vantar mikið uppá til að ná þessum fullkomnu úrslitum, en nóg samt. Vandlega er farið yfir úrslitin eftir helgarnar, til að sjá hvernig er hægt að bæta sig, en það eru alltaf þessi óvæntu

úrslit, sem eru að eyðileggja heildar niðurstöðuna. Engin uppgjöf er í hópnum, svo að við höldum áfram næst laugardag og verðum í Áttahagastofunni frá klukkan 11.00 til 12.00 með kaffi á könnunni og okkur þætti vænt um að sjá sem flesta, því núna er boltinn farinn að rúlla hjá okkur og kostnaður deildarinnar að aukast, en Víkingur fær vænan hlut í kassann af því sem við seljum af röðum.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Karlkyns sundlaugarvörður

Laust er til umsóknar tímabundið sumarstarf karlkyns sundlaugarvarðar við Sundlaug Snæfellsbæjar. Um 100% starf í vaktavinnu er að ræða.

Starfssvið:

Öryggisvarsla við sundlaug og sundlaugarsvæði.
Klefavarsla / baðvarsla.
Afgreiðsla, önnur þjónusta og þrif.

Hæfniskröfur:

Góð samskiptahæfni.
Rík þjónustulund.
Tölvukunnátta.
Hreint sakavottorð.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 20. maí 2023.

Umsækjendur þurfa að ljúka námskeiði í skyndihjálpi og standast sundpróf laugarvarða skv. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar veitir Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, í síma 433 9912 eða á kristfridur@snb.is.

Umsóknir berist í gegnum starfasiðu Snæfellsbæjar hjá Alfreð.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

Árshátíð

Grunnskóla Snæfellsbæjar

21. mars kl. 17

í félagsheimilinu Klifi

5.-7.bekkur - leikritið Matthildur

24. mars kl. 18

1.-10.bekkur Lýsudeild

leikrit og söngur

30. mars kl. 17

í félagsheimilinu Klifi

1.-4.bekkur - leikritið Lion King

Hlökkum til að sjá ykkur!

Góugleði í Röstinni

Laugardaginn 4. mars var haldin Góugleði utan Ennis á Hellissandi. Góugleðin í ár var ákveðin með stuttum fyrirvara eftir örlítinn þrýsting frá bæjarbúum. Kvenfélag Hellissands, Lionsklúbburinn Þernan og Lionsklúbbur Nesþinga stóðu fyrir Góugleðinni ásamt smá aðstoð frá Leikfélaginu Laugu. Um 135 manns sóttu gleðina og bættist svo aðeins í fjöldan þar sem selt var inná ballið í forsölu. Leikarar úr „Sex í sama rúmi“ sáu um að hefja kvöldið með Góugleðissöng. Heimamaðurinn Ásbjörn Nói sá um dýrindis kvöldmat og eftirrétt. Jói G leikari mætti á svæðið sem veislustjóri ásamt skemmtun og söng og svo auðvitað var nefndin á sínum stað



með smá bæjarbúagrín. Skemmtilegt að segja frá því að stofnaður var karlakórinn Góa vikuna fyrir Góugleði og sungu þeir eitt lag fyrir gesti. Gleðin var allsráðandi

Þetta laugardagskvöldið, að borðhaldi loknu tók enginn annar en Jónsi úr svörtum fötum við og hélt uppi stuðinu og gestir dönsuðu og skemmtu sér langt fram á nótt.

Nefndin vill sérstaklega þakka styrktaraðilum fyrir sitt framlag, þeim Guðbjarti SH, HH, Sjávaríðjunni og Skarðsvík ehf.

Nefndin vill einnig þakka Ásbirni Nóa fyrir matinn, saumklúbbnum Gærunum fyrir skreytingar og Árna tæknimanni.

Að lokum – TAKK til allra sem mættu á gleðina. Þetta er eitt skemmtilegasta kvöld ársins. Sjá umst að ári.

Nefndin.



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Starf í verslun

Smiðjan Fönix óskar eftir að ráða metnaðarfullan og duglegan einstakling í starf í verslun sem rekin er samhliða vélsmiðju.

Fjölbreytt og áhugavert starf í góðum og þéttum starfsmannahópi.

Um er að ræða tímabundið starf yfir sumarið.

Helstu verkefni

- Afgreiðsla í verslun
- Framstilling á vörum
- Aðstoð við innkaup
- Tiltekt pantana
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæðni og drifkraftur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknir sendist á starf@fonix.is eigi síðar en 31. mars 2023

Öllum umsóknum verður svarað.



Smiðjan Fönix rekur verslun og vélsmiðju á Rífi í Snæfellsbæ. Fyrirtækið hefur starfað síðan 2017 og er í örum vexti. Hjá fyrirtækinu starfa 11 manns.



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Opið fyrir umsóknir í Lóu nýsköpunarsjóð

Nú er búið að opna fyrir umsóknir í Lóu sem eru nýsköpunarstyrkir fyrir Landsbyggðina. Styrkjum úr sjóðnum eru úthlutað til nýsköpunarverkefna utan höfuðborgarsvæðisins og er þeim úthlutað til árs í senn. Hlutverk styrkjanna er að auka við nýsköpun á landsbyggðinni og styðja við eflingu byggða með skapandi verkefnum. Einnig er áhersla lögð á að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu

og nýrri færni. Hvert verkefni getur fengið að hámarki 20% af heildarúthlutun árs hvers en í ár eru 100 milljónir króna í pottinum. Áherslur Lóu nýsköpunarstyrkja fyrir árið 2023 eru verkefni sem komin eru af byrjunarstigi og tengjast samfélagslegum áskorunum. Umsóknarfrestur í sjóðinn er til 27. mars næstkomandi og geta áhugasamir leitað til atvinnuráðgjafa SSV við vinnslu umsókna.

JJ

Skemmtileg sumarstörf á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri

Leitast er eftir jákvæðu starfsfólki til góðra samskipta og umönnunar í sumarafleysingum á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík.

Á Jaðri er starfsumhverfi gefandi og starfsandi góður. Öll kyn hvött til að sækja um sumartaríf á skemmtilegum vinnustað með öflugu starfsfólki.

Á heimilinu er lögð áhersla á góða hjúkrun, umönnun og að annast heimilisfólk í notalegu og heimilislegu umhverfi sem þeir þekkjá og treysta.

Hugmyndafræði Jaðars byggist á að umhyggja fyrir einstaklingnum sé í fyrirrúmi og að sjálfræði hans sé virt í allri umönnun. Mikið er lagt uppúr heimilislegum anda, virðingu fyrir einkalífi heimilismanna og að þeir upplifi öryggstilfinningu. Unnið er útrá heildrænni umönnun sem miðar að því að viðhalda lífsgæðum, færni og vellíðan útrá líkamlegri, andlegri og félagslegri getu.

Laun eru greidd skv. kjarasamningum.

Upplýsingar veitir Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður Jaðars, í síma 433 6933 eða á inga@snb.is.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið inga@snb.is.



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar | Hjarðartún 3 | 433 6931 | snb.is



Vel heppnað Herrakvöld Víkings

Árlegt herrakvöld knattspyrnu-deildar Víkings Ó. fór fram um liðna helgi í félgsheimilinu Klifi. Miðasala á viðburðinn gekk vel og fjölmenntu bæði heimamenn sem og brottfluttir Ólsarar. Boðið var upp á sjávarréttahlaðborð að hætti Lalla og Stebba en þeim til aðstoðar voru Kári Kristófersson, Hilmar Hauksson og Guðmundur Rúnar Gunnarsson. Heppnað-ist maturinn einstaklega vel og fengu þeir lof fyrir. Veislustjórar kvöldsins voru þáttastjórnendur hlaðvarpsþáttarins Steve dag-skrá, þeir Vilhjálmur Freyr Hallsson og Andri Geir Gunnarsson. Héldu þeir upp stemningunni og náðu vel til gestanna. Hefð samkvæmt voru munir boðnir upp en í ár voru það sex listaverk eftir listakonuna og ólsarann Vigdís Bjarnadóttur og fimm fótbolta-treyjur sem ýmsir knattspyrnumenn hafa klæðst í gegnum tíðina. Ræðumaður kvöldsins var Jónas Gestur Jónasson og fór hann yfir sögu Víkings. Palli Morthens, Reynir Rúnar Reynisson og Magnús Höskuldsson mynduðu hljómsveit kvöldsins og spiluðu þeir



þekktu slagara á milli atriða. Dregið var í happadrætti Víkings Ó. og má finna vinningstölurnar á facebook síðu þeirra. Sigurvegarar geta sent tölvupóst á vikingurol@gmail.com með nafni og heimilisfangi og koma þeir vinningunum til skila. Var kvöldið vel heppnað í alla staði og skemmtu gestir sér langt fram á nótt.

JJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Northern Wave kveður

Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Northern Wave hættir í ár en hátíðin hefur verið haldin undanfarin 15 ár á Snæfellsnesi, 7 ár í Grundarfirði og 7 ár á Frystiklefanum á Rífi, hátíðin var ekki haldin árið 2020 vegna Covid.

Hátíðin bauð upp á bíósýningar á alþjóðlegum stuttmyndum og tónlistarmyndböndum, námskeið í kvikmyndagerð, tónleika, fyrirlestra og fiskiréttakeppni. Á hátíðinni urðu til stuttmyndir og vidjólustaverk og aðstandendur hátíðarinnar stofnuðu vinnusmiðjuna Norrænar Stelpur Skjóta þar sem ungum kvikmyndagerðarkonum og leiðbein-

endum var boðið á vinnusmiðju í tengslum við hátíðina. Hátíðin kom að auki upp bíóaðstöðu í Frystiklefanum á Rífi með stuðningi fyrirtækja í Snæfellsbæ.

Á hverju ári heiðraði hátíðin afreksfólk í kvikmyndagerð sem komu og héldu fyrirlestur um störf sín. Þeirra á meðal eru margfaldi Óskarsverðlaunahafi fyrir hljóðvinnslu, Mark Berger (The Godfather II, Apocalypse Now, One flew over the Cuckoo's nest) og Hollywood framleiðandinn Gale Anne Hurd (Terminator, The Walking Dead og Aliens m.a.) svo dæmi séu nefnd.

Markmið hátíðarinnar var m.a.

að varpa ljósi á nýjar raddir í kvikmyndagerð og auka menningarframboð á landsbyggðinni. Stóru auknin hefur orðið á menningarframboði á landsbyggðinni síðan að hátíðin hóf starfsemi sína sem ber að fagna. Þetta aukna framboð gefur tilefni til að hleypa að nýrri orku og hugmyndum í menningarviðburðum á landsbyggðinni. Northern Wave hefur staðið sína vakt og leggst nú í dvala en í staðinn hefur Dögg Mósesdóttir, stofnandi og stjórnandi hátíðarinnar, stofnað framleiðslufyrirtækið Northern Wave

Production, með sama markmið, að upphefja nýjar og spennandi raddir í kvikmyndagerð.

Í tilkynningu frá aðstandendur Northern Wave kemur fram að hátíðin vill þakka Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ, bæjarbúum og fyrirtækjum sem studdu hátíðina, Frystiklefanum á Rífi og Kára fyrir gestrisnina og stuðninginn við hátíðina en sérstaklega vill hátíðin þakka stuðninginn frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands, því án sjóðsins og menningarfulltrúa hans væri hátíðin ekki til.



Störfum fjölgar í þjóðgarðinum



Mikill vöxtur hefur verið á starfsemi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls undanfarin ár. Árið 2021 voru mörk þjóðgarðsins útvíkuð og í ár mun nýja þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi opna formlega. Í takt við umfang verkefna í þjóðgarðinum fjölga stöðugildum jafn og þétt en nú eru sjö starfsmenn í fullu starfi. Þar á meðal eru þrír landverðir, þjónustustjóri, þjóðgarðsvörður, þjónustufulltrúi og yfirlandvörður. Þegar líður að sumri bætast sumarlandverðir við starfsmannahópinn en gert

er ráð fyrir að þeir verði tveir. Fjölbreytt og krefjandi verkefni bíða starfsmannahópsins á næstunni en mesta orkan fer þessa dagana í undirbúning opunar nýju þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi. Þann 24. mars opna þau dyrnar á nýju og glæsilegu húsnæði þjóðgarðsins sem mun nýtast sem þjónustumiðstöð þjóðgarðsins, sem sýningar og kennslu aðstaða og rými fyrir starfsmenn þess. Þjóða þau öll velkomin á opnunina.

JJ

Messa
Grundarfjarðarkirkju
sunnudaginn
19. mars kl. 11.00
smákökur og
kaffi
eftir messu
velkomin öll og alltaf

Hjúkrunarfræðingur eða hjúkrunarnemi á Jaðar

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi eða hjúkrunarnema í 80 - 100% starf í afleysingum frá 1. júlí til 15. ágúst 2023.

Á Jaðri eru 16 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Er aðstaða íbúa og starfsfólks mjög góð. Vinnufyrirkomulag eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur til 15. apríl 2023.

Á heimilinu er lögð áhersla á góða hjúkrun, umönnun og að annast heimilisfólk í notalegu og heimilislegu umhverfi sem þeir þekkjá og treysta.

Hugmyndafræði Jaðars byggist á að umhyggja fyrir einstaklingnum sé í fyrirrúmi og að sjálfræði hans sé virt í allri umönnun. Mikið er lagt uppúr heimilislegum anda, virðingu fyrir einkalífi heimilismanna og að þeir upplifi öryggistilfinningu. Unnið er útfra heildrænni umönnun sem miðar að því að viðhalda lífsgæðum, færni og velliðan útfra líkamlegri, andlegri og félagslegri getu.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi FÍH og sveitarfélaga.

Upplýsingar veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, í síma 865 1525 eða á sigrunerla@snb.is.

Umsóknir berist í gegnum starfasiðu Snæfellsbæjar hjá Alfreð.



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar | Hjarðartún 3 | 433 6931 | snb.is



Aflafréttir

Vel hefur veiðst undanfarið og í höfnum Snæfellsbæjar komu á landa dagana 6. til 12. mars alls 1088 tonn í 70 löndunum. Í Rífshöfn var landað 636 tonnum í 31, í Ólafsvíkurhöfn 383 tonnum í 32 og á Arnarstapa 69 tonnum í 7 löndunum. Einn handfærabátur landaði í Ólafsvíkurhöfn þessa daga og landaði hann 3 tonnum í 2 löndunum. Tveir handfærabátar lönduðu í Rífshöfn þessa sömu daga og lönduðu þeir 4 tonnum í 2 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Saxhamar SH 52 tonnum í 3, Patrekur BA 49 tonnum í 3, Steinunn SH 43 tonnum í 3, Egill SH 41 tonni í 2, Rífsari SH 37 tonnum í 3, Sveinbjörn Jakobs-son SH 29 tonnum í 2, Magnús SH 28 tonnum í 3, Gunnar Bjarnason SH 20 tonnum í 2, Matthías SH 18 tonnum í 1, Guðmundur Jensson SH 13 tonnum í 2 og Esjar SH 11 tonnum í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Lilja SH 59 tonnum í 6, Kristinn HU 51 tonnum í 5, Tryggvi Eðvarðs SH 46 tonnum í 2, Indriði Kristins BA 40 tonnum í 3, Stakkhamar SH 35 tonnum í 3, Bíldsey

SH 31 tonni í 2, Gullhólmi SH 30 tonnum í 2, Kristján HF 22 tonnum í 1, Brynja SH 12 tonnum í 2, Þerna SH 5 tonnum í 1, Rán SH og Sverrir SH lönduðu svo báðir 4 tonnum í 1 löndun hvor. Hjá stóru línu bátunum landaði Rífsnes SH 92 tonnum, Tjaldur SH 83 tonnum og Örvar SH 80 tonnum allir í 1 löndun hver. Tveir neta bátar lönduðu þessa daga Bárður SH landaði 109 tonnum í 5 og Ólafur Bjarnason SH 36 tonnum í 4 löndunum.

Einn handfærabátar landaði í Grundarfirði dagana 6. til 12. mars og landaði hann 6 tonnum í 2, löndunum. Botnvörpu bátarnir lönduðu einu sinni hver þessa daga og landaði Sigurborg SH 111 tonnum, Farsæll SH 80 tonnum og Hringur SH 45 tonnum. Einn línu bátur landaði þessa daga Valdimar GK og landaði hann 60 tonnum í 1 löndun. Einnig landaði einn neta bátur þessa daga Jökull ÞH sem landaði 21 tonni í 1 löndun. Alls var því landað í Grundarfjarðarhöfn þessa daga 324 tonnum í 7 löndunum.

ÞA

Karلاكór Akureyrar-Geysir

Tónleikar á Snæfellsnesi 2023

Laugardaginn 1. apríl

Ólafsvíkurkirkja kl 14

Grundarfjarðarkirkja kl 17

Sunnudaginn 2. apríl

Stykkishólmskirkja kl 15



Blönduð efnisskrá – einsöngur – tvísöngur

Stjórnandi Valmar Völjaots

Miðasala við innganginn - aðgangseyrir kr.3000

Þ R I Ð J U D A G I N N
2 8 . M A R S
K L I F



P Á S K A B I N G Ó

Húsið opnar kl.17:45
Bingóið hefst kl.18:15

Kaffi og súkkulaði í boði



Bingóspjaldið kostar 500 kr.-
EKKI POSI Á STAÐNUM

2 8 . M A R S 2 0 2 3